

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um náttúruverndaráætlun 2014–2018.

Frá Merði Árnasyni.

Hvenær hyggst ráðherra leggja fyrir Alþingi nýja náttúruverndaráætlun, sem í fyrra hefði átt að taka við af náttúruverndaráætlun 2009–2013 skv. 65. gr. gildandi náttúruverndarlaga um að ráðherra skuli leggja fram slíka áætlun „eigi sjaldnar en á fimm ára fresti“?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Tímabil náttúruverndaráætlunarinnar fyrir 2009–2013 er nú liðið en tillaga um nýja áætlun ekki komin fram á Alþingi þvert á ákvæði náttúruverndarlaga. Í skýrslu sem forsætisráðherra lagði fram á Alþingi 3. nóvember 2014 (þskj. 432 í 342. máli) var þess getið að umhverfis- og auðlindaráðherra hygðist leggja fram þingsályktunartillögu um „framlengingu“ áætlunarinnar 2009–2013 til 1. janúar 2016. Ekki hefur sést til þeirrar tillögu enda óljóst um lagalega stöðu slíkrar „framlengingar“.

